



## Svalbarðsstrandarhreppur

Ráðhúsinu Svalbarðseyri  
601 Akureyri  
[www.svalbardsstrond.is](http://www.svalbardsstrond.is)

### Heiðarholt, Svalbarðsstrandarhreppi – tillaga að aðalskipulagsbreytingu og deiliskipulagi

*Tillaga að breytingu á aðalskipulagi Svalbarðsstrandarhrepps 2008-2020; Heiðarholt.*  
Sveitarstjórn Svalbarðsstrandarhrepps auglýsir hér með tillögu að breytingu á aðalskipulagi Svalbarðsstrandarhrepps 2008-2020 samkvæmt 1. mgr. 31. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Breytingin felst í að íbúðarsvæði Íb 21 er skilgreint í landi Heiðarholts vestan Þjóðveggar 1. Á íbúðarsvæðinu verða alls fimm íbúðarlóðir. Stærð skipulagssvæðisins er um 4,1 ha. Breytingartillagan verður til sýnis á sveitarskrifstofu Svalbarðsstrandarhrepps milli 9. júlí og 20. ágúst 2018 og hjá Skipulagsstofnun í Borgartúni 7b í Reykjavík. Tillagan er einnig aðgengileg á heimasíðu Svalbarðsstrandarhrepps, [svalbardsstrond.is](http://svalbardsstrond.is). Þeim sem telja sig eiga hagsmuna að gæta er hér með gefinn kostur á að gera athugasemdir við breytingartillöguna til mánudagsins 20. ágúst 2018. Athugasemdir skulu vera skriflegar og skulu berast á sveitarskrifstofu Svalbarðsstrandarhrepps, Ráðhúsinu Svalbarðseyri, 601 Akureyri, eða í tölvupósti á [postur@svalbardsstrond.is](mailto:postur@svalbardsstrond.is).

*Tillaga að deiliskipulagi í landi Heiðarholts, Svalbarðsstrandarhrepps.* Sveitarstjórn Svalbarðsstrandarhrepps samþykkti á fundi sínum þann 4. apríl 2018 að auglýsa tillögu að deiliskipulagi í landi Heiðarholts skv. 1. mgr. 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Skipulagið felur í sér heimild til byggingar þriggja íbúðarhúsa til viðbótar við tvö sem fyrir eru á skipulagssvæðinu. Tillagan liggur frammi á sveitarskrifstofu Svalbarðsstrandarhrepps milli 9. júlí og 20. ágúst 2018 og á heimasíðu Svalbarðsstrandarhrepps, [svalbardsstrond.is](http://svalbardsstrond.is). Athugasemdir eða ábendingar skulu vera skriflegar og berast sveitarfélaginu í síðasta lagi mánudaginn 20. ágúst 2018 annaðhvort á sveitarskrifstofu Svalbarðsstrandarhrepps, Ráðhúsinu Svalbarðseyri, 601 Akureyri, eða á netfangið [postur@svalbardsstrond.is](mailto:postur@svalbardsstrond.is).

F.h. Svalbarðsstrandarhrepps  
Skipulags- og byggingarfulltrúi